

25.2.2019

**GREINARGERÐ BJÖRNS LEVÍ GUNNARSSONAR  
OG ÞÓRHILDAR SUNNU ÆVARSDÓTTUR**

Forsætisnefnd Alþingis.

Vísað er til bréfs Forseta Alþingis til undirritaðra, dags. 18. febrúar sl., þar sem undirrituðum er gefið færi á að koma á framfæri sjónarmiðum og upplýsingum um erindi Ásmundar Friðrikssonar, dags. 10. janúar sl. sbr. 3. mgr. 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Af því tilefni vilja undirrituð koma eftirfarandi á framfæri.

**FYLGISKJÖL:**

- Nr. 1. Ræður Ásmundar Friðrikssonar og þingmanna Pírata.
- Nr. 2. Silfrið þann 25.2.2018.
- Nr. 3. Innlegg Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur á Facebook 25.2.2018
- Nr. 4. Ýmis ummæli tengd málefningu

**MÁLAVEXTIR:**

Varðandi málavexti vilja undirrituð leggja áherslu á að þau ummæli sem vísað er til í erindi Ásmundar Friðrikssonar séu metin heildstætt. Nauðsynlegt er að samhengi orðanna sé metið og að við mat á því hvort að þau geti falið í sér brot gegn siðareglum fyrir alþingismenn sé litið til umræðunnar í heild.

Af þeirri ástæðu vilja undirrituð beina siðanefnd Alþingis og þeim sem kunna að hafa mál þetta til skoðunar að taka til nánari athugunar öll þau ummæli sem vísað er til í greinargerð þessari auk fylgiskjala við hana.

Mikilvægt er að hafa í huga við athugun á ummælum sem þingmenn höfðu uppi í máli þessu að þau voru þáttur í stjórn málaumræðu kjörinna fulltrúa sem viðgekkst um nokkurn tíma. Margir þeirra þingmanna sem að máli komu höfðu uppi hvöss ummæli um pólitíska andstæðinga sína, og einskorðast þess konar ummæli ekki aðeins við undirritaða þingmenn.

## MÁLSÁSTÆÐUR:

### 1. Tjáningarfrelsi kjörinna fulltrúa.

Alþingismenn eru kjörnir fulltrúar sem starfa í lýðræðislegu umboði kjósenda sinna. Stór hluti starfa þeirra felst í þátttöku í stjórn málaumræðu þar sem gagnrýnin og hvöss ummæli eru oft á tíðum látin falla. Vissulega þurfa alþingismenn að gæta þess að kasta hvorki rýrð á alþingi né skaða ímynd þess með háttarni sínu en mikilvægt er að gæta þess að ekki sé vegið að tjáningarfrelsi þingmanna við ákvörðun um hvort um brot á siðareglum sé að ræða.

Tjáningarfrelsi er einn af hornsteinum lýðræðislegs þjóðfélags og er það varið í 73. gr. stjórnarskrárinnar Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, (hér eftir stjskr.) og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir MSE). Mannréttindadómstóll Evrópu hefur með túlkun sinni skilgreint 2. mgr. 10. gr. MSE sem svo að tjáningarfrelsið eigi ekki einungis við um „upplýsingar“ eða „hugmyndir“ sem falla í góðan jarðveg eða sem litið er á sem meinlausar eða þýðingarlitlar, heldur nær frelsið einnig til þeirra sem móðga, valda hneykslan eða fara fyrir brjóstið á ríkinu eða einhverjum hluta þjóðarinnar.<sup>1</sup>

Kjarninn í vernd 10. gr. MSE lýtur að stjórn málaumræðu enda eru frjálsar stjórn málaumræður innsti kjarninn í hugtakinu lýðræðislegt þjóðfélag. Þegar tjáning telst innlegg í pólitíska umræðu eða almenna þjóðmálaumræðu er svigrúm til takmarkana á tjáningarfrelsinu talsvert minna en almennt gerist. Þessi kjarni tjáningarfrelsisins er sérstaklega mikilvægur þegar kjörnir fulltrúar eiga í hlut. Mannréttindadómstóll Evrópu (hér eftir MDE) hefur þannig m.a. sagt að þó að tjáningarfrelsið sé öllum mikilvægt þá eigi það sérstaklega við um kjörna fulltrúa almennings. Fulltrúi kjósenda vekur athygli á hugðarefnum og ver hagsmuni þeirra. Í því tilviki vísaði dómstóllinn sérstaklega til þess að íhlutun í tjáningarfrelsi stjórnarandstöðupingmanns kallaði á gaumgæfilega skoðun af hálfu dómstólsins.<sup>2</sup> Þá hefur MDE einnig lagt áherslu á að í lýðræðisríki eru þing eða sambærilegar stofnanir meginnettvangur fyrir stjórn málaumræðu. Mjög veigamiklar ástæður þurfi að færa fram til að réttlæta íhlutun í tjáningarfrelsi sem þar er iðkað.<sup>3</sup>

#### 1.1 Staða þingmanna sem opinberar persónur.

Stjórn málamenn og handhafar ríkisvalds verða almennt að þola víðtækari og alvarlegri gagnrýni heldur en almennir borgarar, sérstaklega þegar gagnrýnin beinist að opinberri framgöngu þeirra.<sup>4</sup> MDE hefur með dómum sínum ítrekað staðfest hið rýmkaða tjáningarfrelsi sem gildir um stjórn málamenn. Þá hefur hann í því sambandi vísað til þess að það kunni að vera einkenni slíkrar umræðu að hún geti orðið persónuleg, að slíkt fylgi stjórn málum og frjálsum skoðanaskiptum.<sup>5</sup> Þá

<sup>1</sup> Dómur MDE í máli nr. 5493/72 frá 7. desember 1976 - Handyside gegn Bretlandi, mgr. 40.

<sup>2</sup> Dómur MDE í máli nr. 26958/95 frá 27. febrúar 2001, Jerúsalem gegn Austurríki, mgr. 36.

<sup>3</sup> Dómur MDE í máli nr. 26958/95 frá 27. febrúar 2001, Jerúsalem gegn Austurríki, mgr. 40.

<sup>4</sup> Dómur MDE í máli nr. 9815/82 frá 8. júlí 1986, Lingens gegn Austurríki, mgr. 41-44.

<sup>5</sup> Dómur MDE í máli nr. 37698/97 frá 28. september 2000, Lopes Gomes Da Silva gegn Portúgal, mgr. 34.

hafa íslenskir dómstólar einnig staðfest í dómaframkvæmd sinni að rýmra tjáningarfrelsi skuli gilda um opinberar persónur og þá sem hafa kveðið sér hljóðs í opinberri umræðu en dæmi um það er m.a. að finna í dómum Hæstaréttar nr. 274/1997 (Ákærvaldið gegn Hrafni Jökulssyni), nr. 272/2000 (Kjartan Gunnarsson gegn Sigurði G. Guðjónssyni) og nr. 36/2003 (Árni Matthías Mathiesen gegn Magnúsi Þór Hafsteinssyni).

Þó að beiting siðareglna fyrir alþingismanna feli ekki í sér beitingu refsíákvæða eins og finna má í XXV. almennra hegningarlaga þá verður að halda því til haga að beiting þeirra geti engu að síður falið í sér takmörkun á tjáningarfrelsinu. Við ákvörðun á því hvort að ummæli teljist brotleg fyrir siðareglur fyrir alþingismenn verður að líta til þess hvort að ummælin hafi vernd tjáningarfrelsisins.

### **1.2. Varðandi heimilar takmarkanir á tjáningarfrelsi,**

Takmarkanir á tjáningarfrelsi ber að túlka þröngt skv. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár og 2. mgr. 10. gr. MSE. Lagaáskilnaðarreglur stjórnarskrár fela í sér að allar takmarkanir á réttindum einstaklinga verði að uppfylla þau þrjú skilyrði að: byggjast á lögum, þjóna lögmætu markmiði og vera nauðsynlegar. Því viðurhlutameiri sem skerðing á tjáningarfrelsi er því skýrari þarf lagaheimildin að vera. Ljóst er að stjórnámálameinn hafa skv. túlkun MDE mun víðtækara tjáningarfrelsi hvað varðar stjórn málalega umræðu. Það á sérstaklega við um þegar þingmaður stjórnarandstöðu ræðir um hátterni eða opinbera framkomu stjórnarþingmanns. Að sama skapi er réttur til friðhelgi einkalífs kjörinna fulltrúa þeim mun takmarkaðri en almennra borgara. Það þurfa því að liggja veigamiklar ástæður fyrir því að ætla að takmarka tjáningarfrelsi þingmanna þegar sú tjáning lítur að háttsemi annara þingmanna þar sem þeir hafa í raun ríkari rétt til að tjá sig um hvorn annan, sem og takmarkaðri rétt á því að njóta friðhelgi um hátterni sitt.

### **2. Ummælin voru hluti af viðvarandi umræðu.**

Ummælin sem vísað er til í erindi Ásmundar Friðrikssonar voru látin falla sem hluti af stærri og viðvarandi umræðu. Það að taka ummælin ein og sér og birta þau með þeim hætti sem gert er í erindi hans til forsætisnefndar gefur ekki rétta mynd af umræðunni sem átti sér stað. Þess vegna vilja undirrituð leggja áherslu á að ummælin verði metin heildstætt ásamt umræðunum sem er að finna í fskj. 1–8 við erindi þetta.

Hæstiréttur hefur lýst því í dómum sínum að við úrlausn mála sem fjalla um ærumeiðingar verði að líta á ummæli eða umræðu í heild og láta ekki við það sitja að horfa einangrað á þau ummæli sem stefnandi telur fela í sér meiðyrði í sinn garð.<sup>6</sup> Hið sama hlýtur að gilda þegar metið er hvort að tiltekin ummæli feli í sér svo grófar aðdróttanir og að með þeim sé vegið svo alvarlega að æru þingmanns að það varði við siðareglur fyrir alþingismenn. Hæstiréttur Íslands hefur einnig í dómum sínum lýst því að þegar aðilar hasli sér völl í stjórn málaádeilu megi þeir búast við

---

<sup>6</sup> Hrd. 183/2014

andsvörum frá mótaðilanum.<sup>7</sup> Þau ummæli undirritaðra sem vísað er til í erindi Ásmundar Friðrikssonar hafa einungis komið í kjölfar umræðu sem Ásmundur sjálfur tók fullan þátt í og leiddi að hluta. Með því að halda uppi þeirri umræðu mátti hann sjálfur vænta þess að undirrituð myndu svara fyrir sig og halda umræðunni áfram.

Í erindi Ásmundar Friðrikssonar er ummælum undirritaðra stillt upp þannig að þau hafi ásakað hann um hegningarlagabrot án nokkurs tilefnis. Þessi uppstilling getur þó ekki talist sanngjörn þar sem það var Ásmundur sjálfur sem var fyrstur til að lýsa ummælum undirritaðra sem slíkum að í þeim fælist að hann væri þjófur. Það gerði hann m.a. í ræðu þann 10. október 2018 (sjá fskj. 1):

„Sömu aðilar tala um þjóðhöfðingja vestrænna ríkja sem eru kosnir af fólkinu og líkja þeim við Mussolini og þennan títtnefnda Adolf Hitler. Svo hafa þeir alls konar flugumenn úti í bæ sem bera út ófögnuð um mann. Þetta er fólkið sem stendur upp í þessum sal trekk í trekk, ber upp á mann lygar, hefur sagt að ég væri þjófur, hafi stolið peningum af þinginu — og þau þurfa ekki að standa neinum reikningsskil. Svo hafa þau flugumenn úti í bæ sem taka ósómum úr fjölmiðlunum og senda yfir mann á fésbókinni og víðar.“<sup>8</sup>

Umræða um það hvort að brot Ásmundar Friðrikssonar væru slík að þau gerðu hann að þjófi hófst því að hans eigin frumkvæði. Enginn þingmaður Pírata hafði þangað til sakað hann um að vera þjóf, eða að hafa stundað þjófnað.

Ummæli Björns Leví Gunnarssonar sem vísað er til í erindi Ásmundar Friðrikssonar, dags. 29.10.2018 og 12.11.2018 koma í kjölfar þessarar ræðu Ásmundar þar sem hann heldur því fram að þingmenn Pírata hafi sagt hann þjóf. Að ræða um möguleg brot Ásmundar í starfi, hvort sem þau fela í sér brot á hegningarlögum eða annars konar brot á lögum eða reglum, í kjölfar þessa ummæla hans er eðlilegt svar við umræðu sem hann hafði sjálfur hafið.

Þá ber að geta þess að talsverð umræða hafði farið fram fyrr á árinu um möguleg brot Ásmundar og annarra þingmanna sem höfðu hlotið háar akstursgreiðslur og aðrar greiðslur samkvæmt reglum um þingfararkostnað. Þar má fyrst vísa til umræðu í umræðuþættinum Silfrinu þann 25. febrúar 2018 (ummæli Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur í þættinum er að finna í fskj. 2). Vísar Ásmundur Friðriksson m.a. til ummæla sem undirrituð Þórhildur Sunna lét falla í þættinum í erindi sínu en vakin er athygli á því að ummæli undirritaðrar hafa verið talsvert styttr og skortir því samhengi þeirra að vissu leyti. Þar má fyrst nefna að stjórnandi þáttarins, Egill Helgason, hafði þegar ákveðið grundvöll umræðnanna og stýrði þeim. Til umræðu var m.a. sjálftaka kjörinna fulltrúa,

---

<sup>7</sup> Hrd. 36/2003

<sup>8</sup> Þess má geta að ræða þessi var haldin af því tilefni að Ásmundur Friðriksson hafði gert mistök þegar hann las ræðu degi áður og líkti svonefndum „sérfræðingum að sunnan“ við SS-sveitir nasista. Sagði hann í ræðunni að honum hefði þótt það miður. Fór hann síðar í þessari sömu ræðu yfir það hvernig Píratar höfðu líkt honum við stormsveitir þriðja ríkisins og að honum þætti óboðlegt að þingmönnum væru líkt við SS-menn. Þessa ræðu í heild sinni, ásamt ræðum Pírata um sama atvik er að finna í fskj. 1.

akstursgreiðslur til þingmanna og spillingarmenning á Íslandi. Hann lýsti því viðhorfi sjálfur að honum þættu akstursgreiðslur til Ásmundar Friðrikssonar fela í sér sjálftöku. Ummæli Þórhildar Sunnu komu í kjölfarið á þessu, en þau lýstu enn fremur kerfislægu vandamáli á Íslandi – inntak ummælanna sneri ekki að því hvort að Ásmundur hefði framið hegningarlagabrot, heldur að á Íslandi væri ekki virkt eftirlit og aðhald með spillingu.

Ljóst er að þau ummæli sem vísað til í erindi Ásmundar Friðrikssonar voru öll hluti af stærri umræðu sem nauðsynlegt er að meta heildstætt. Þegar hið heildstæða mat umræðunnar liggur fyrir verður að álykta sem svo að ummæli undirritaðra séu bæði eðlileg og réttmæt í ljósi aðstæðna.

### **2.1. Ummæli um mögulega refsiverða háttsemi byggði á fyrri umfjöllun.**

Í erindi Ásmundar Friðrikssonar er vísað til innleggs undirritaðrar Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur á Facebook, dags. 25.2.2018. Ummælin í heild sinni er að finna í fskj. 3. Er þar vísað til mögulegra brota Ásmundar Friðrikssonar gegn 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (hér eftir hgl.). Þar hélt undirrituð því fram að uppi væru grunur um brot æðstu ráðamanna í starfi, og rökstuddi það með vísan í áður nefnda 248. gr. Þá sagði hún að eðlilegt væri að hann sætti rannsókn vegna þessa, rétt eins og hver annar sem yrði uppvís að vafasamri fjársöfnun úr vösum skattgreiðenda.

Þessi ummæli um að Ásmundur Friðriksson hefði mögulega brotið 248. gr. hgl. voru látin falla í framhaldi af fréttaumfjöllun sem byggðist á viðtali við sérfræðing í refsirétti sem sagði að röng skráning í akstursbók gæti talist fjársvik sbr. 248. gr. hgl. Í sömu frétt kom einnig fram að líta þyrfti til þess hvort að 138. gr. hgl. um þyngri refsingu við hegningarlagabroti þegar það sé framið af opinberum starfsmanni gæti átt við.<sup>9</sup> Í viðtali sagði umræddur sérfræðingur eftirfarandi:

„Ef maður framvísar tilhæfulausum reikningum og er að búa eitthvað til í því skyni að auðgast sjálfur, þá er maður að blekkja þann sem á að greiða reikninginn. Leiði slíkur reikningur til greiðslu er blekkingin búin að ná árangri og sá sem sér um útgreiðsluna er í villu. Það eru fjársvik.“

Þannig voru ummæli undirritaðrar Þórhildar Sunnu, bæði í umræðuþættinum Silfrinu, og á Facebook síðu sinni, í beinu framhaldi af opinberri umræðu sem þegar hefði átt sér stað, þar sem sérfræðingur í refsirétti hefði lýst háttsemi Ásmundar Friðrikssonar sem mögulega brotlegri við hegningarlög. Þá ber að hafa í huga að öll ummæli Björns Leví Gunnarssonar sem vísað er til í erindi Ásmundar Friðrikssonar komu eftir birtingu þessarar fréttaumfjöllunar.

---

<sup>9</sup> „Röng skráning í akstursbók geti talist fjársvik“, *Fréttablaðið*, 17. febrúar 2018. Sótt af <https://www.frettabladid.is/frettir/fjarsvik-segir-serfraeingur>.

### 3. Ummæli og umræða af hálfu undirritaðra er þáttur í og byggður á ákvæðum siðareglna.

Líta verður til þess að siðareglur leggja viðameiri skyldur á þingmenn en einfaldlega þær að geta orða sinna. Undirrituð telja sig hafa fylgt í einu og öllu siðareglum alþingismanna í umfjöllun sinni um málefni akstursgreiðslna. Í a.– og b. lið 5. gr. siðareglna fyrir alþingismenn er þingmönnum gert sem þjóðkjörnum fulltrúm að rækja störf sín af ábyrgð, heildum og heiðarleika og að taka ákvarðanir í almannapágu. Undirrituð telja að aðgerðir sínar allar hafa verið í samræmi við þessar siðareglur enda hafi þau beitt sér gegn þeim viðvarandi skorti á gagnsæi sem átti við um fyrirkomulag akstursgreiðslna þingmanna, til þess að upplýsingarnar yrðu birtar og að komið yrði á eftirliti með endurgreiðslum til þingmanna. Með því að óska eftir auknu gagnsæi, eftirliti og upplýsingum um fyrirkomulag greiðslna til þingmanna voru undirrituð að rækja störf sín af ábyrgð, heilindum og heiðarleika. Það að kalla eftir því að fram færi rannsókn á mögulegum brotum á reglum um þingfararkostnað felur í sér ákall um eftirfylgni með þeim. Þá ber að geta þess að allar fyrirspurnir sem Björn Leví Gunnarsson lagði fram, sem og erindi sem hann sendi til forsætisnefnd, beindust gegn öllum þingmönnum.

Undirrituð hafna því að hafa kastað rýrð á Alþingi eða skaðað ímynd þess með framkomu sinni. Aukið gagnsæi og upplýsingagjöf til almennings hvað varðar störf og starfsgreiðslur til þingmanna er ekki til þess fallið að kasta rýrð á Alþingi sjálft eða ímynd þess. Þannig var aukið gagnsæi ein helsta ástæða endurskoðunar laga um þingfararkaup og þingfararkostnað. Aukin upplýsingagjöf til almennings er til þess fallin að auka traust og að bæta viðhorf almennings til stjórnvalda. Með háttsemi sinni voru undirrituð að fylgja siðareglum og vísa m.a. til þess að yfirlýstur tilgangur þeirra reglna sbr. 1. gr. er “að efla gagnsæi í störfum alþingismanna og ábyrgðarskyldu þeirra, svo tiltrú og traust almennings á Alþingi”. Einnig ber alþingismönnum samkvæmt siðareglum að efla og styðja þær grundvallarreglur sem þar eru settar, með því að sýna frumkvæði og fordæmi í störfum sínum og slíkt hafa undirrituð óneitanlega gert í meðferð þessa máls.

### 4. Forsendur ummælanna.

Þegar almennt er rætt um ummæli sem kunna að fela í sér aðdróttanir eða ærumeiðingar gildir meginregla um vítaleysi sannra ummæla (*l. exceptio veritatis*). Hún felur í sér að sönn ummæli eru refsilaus og skapa ekki bótaskyldu, jafnvel þó þau séu ærumeiðandi. Reglan er rótgróin í íslenskum rétti en hún er forn að stofni og á uppruna sinn í Rómarrétti (*l. veritatis convicii tollit injuriam*) og hefur helgað sér sess í meiðyrðalöggjöf margra réttarkerfa nútímans.<sup>10</sup> Við ákvörðun um það hvort að ummæli undirritaðra feli í sér brot á siðareglum er óhjákvæmilegt að kanna hvort að þessi regla geti átt við. Því er ekki hægt að taka afstöðu til þess hvort að ummælin séu svo alvarleg að þau teljist brotleg við siðareglur, án þess að tekin verði fyrst efnisleg afstaða til þess hvort að Ásmundur Friðriksson hafi raunverulega framið þau brot á lögum og reglum sem undirrituð vísa til í ummælunum sínum, eða í það minnsta hvort að uppi séu nægilegar efnislegar forsendur til þess að hægt sé að fullyrða um slíkt. Af þessum ástæðum telja undirrituð nauðsynlegt, áður en að hægt er

<sup>10</sup> Skúli Á. Sigurðsson (2014), *Exceptio veritatis* og fjölmiðlar. *Úlfjótur*, (1. tbl., 67. árg), bls. 7.

að komast að niðurstöðu í máli þessu, að aðilar sem hafi þetta erindi til meðferðar geri fulla athugun á því hvort að fótur var fyrir ummælunum á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

## **5. Ummæli um að í orðum Björns Levís Gunnarssonar felist ásökun um þjófnað.**

Því hefur verið haldið fram að undirritaðir þingmenn hafi með orðum og gjörðum sínum þjófkennt alla þingmenn, eða þjófkennt Ásmund Friðriksson. Hið rétta er að undirritaðir þingmenn hafa beitt sér fyrir því að fram fari rannsókn á akstursgreiðslum til þingmanna, undirritaður Björn Leví með því að senda ítrekuð erindi til forsætisnefndar þar sem óskað er eftir rannsókn á greiðslunum. Allt tal um þjófnað og að þingmenn kunni að vera þjófvar hófst ekki fyrr en að Ásmundur Friðriksson hafði þau orð uppi sjálfur. Eftir að Ásmundur hafði ítrekað lýst því að með gjörðum sínum væru þingmenn Pírata að þjófkenna sig tók Björn Leví undir það að hluta, en einungis á þeim grundvelli að hann hefði sent inn rökstutt erindi til forsætisnefndar – að í slíku erindi kynni að felast ásökun um þjófnað. Það væri þó ekki með því verið að kalla hann þjóf.

Þingmaðurinn Ásmundur Friðriksson hefur ítrekað reynt að gera tortryggilegt ákall þingmanna Pírata um gagnsæi hvað varðar endurgreiðslur til þingmanna, að fram fari rannsókn á þeim greiðslum sem þegar hafi verið greiddar og að komið verði á fót eftirliti með og eftirfylgni við reglurnar. Það hefur legið fyrir síðan að tölur um endurgreiðslur vegna aksturskostnaðar voru fyrst birtar, sem svar við fyrirspurn undirritaðs Björns Levís, að það væri nauðsynlegt að gera úrbætur á því sviði og að kanna hvort að reglurnar hefðu verið misnotaðar í ljósi þeirra háu fjárhæða sem þingmenn höfðu fengið greitt vegna aksturs.

## **6. Lokaorð**

Undirrituð telja sig ekki hafa brotið siðareglur fyrir alþingismenn, heldur að þau hafi starfað bæði í samræmi við reglurnar og anda þeirra.

Um gögn vísa undirrituð til fylgiskjala en áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn ef tilefni verður til. Þá er ítrekuð beiðni undirritaðra skv. bréfi dags. 18.2.2018 þar sem þess er krafist skv. 3. mgr. 8. gr. reglna um meðferð erinda og málsmeðferð samkvæmt siðareglum fyrir alþingismenn að mál þetta verði lagt fyrir síðanefndina og að álit hennar um málið verði birt á vef Alþingis.

Reykjavík, 25.2.2018

---

**Björn Leví Gunnarsson**

---

**Þórhildur Sunna Ævarsdóttir**